

# MPA nám – Háskóli Íslands

## Gerð útboðsgagna:

### Fyrirspurnir og svör

Fsp 18 Í svári við spurningu 13 kemur fram að svarfrestur kaupanda renni út 7 dögum fyrir opnun ef um er að ræða EES og að frestir innanlands séu 6 og 4 dagar. Er þetta alls kostar rétt? Er ekki um að ræða 6 daga svarfrest á EES, sbr. bls. 81 í Handbók um opinber innkaup (2004) og sbr. lið 1.1.4 í grunnútboðsgögnum (6/4). eru frestirnir innanlands ekki 7 og 4 dagar, sbr. sömu himildir (bls. 65 og gr. 1.1.4)?

Sv 18 Svo bregðast krosstré sem önnur tré!! Við þökkum ábendinguna. Svar við spurningu nr. 13 er dregið tilbaka. Hið rétta er eins og fyrirspyrjandi bendir á að frestir eru sem hér segir:

- Innanlands. Frestur til þess að skila fyrirpurnum 7 dagar fyrir opnun  
Frestur tll þess að svara fyrirpurnum: 4 dagar fyrir opnun
- EES Frestur til þess að skila fyrirpurnum 9 dagar fyrir opnun  
Frestur tll þess að svara fyrirpurnum: 6 dagar fyrir opnu

Fsp 19 Þessu tengt. Er eitthvað sem mælir á móti því að frestirnir séu lengri en þessir frestir, t.d. til þess að forðast að fresti beri upp á frídögum eða helgum?

Sv 19 Frestirnir eru festir í regluverkið. Hér er annars vegar um að ræða lokafrest til þess að skila fyrirpurnum. Slíkur verður að vera til þess að kaupandi hafi kost á að svara þeim fyrirpurnum sem berast og koma frá sér aftur. Hins vegar lokafrest til þess að svara sem verður að vera til þess að væntanlegir bjóðendur eigi kost á að vinna úr þeim svörum sem þeim berast. Hér er um að ræða vikudaga óháða helgum og hátíðum enda þær breytilegt frá landi til lands. Þess má geta að opnunartímar útboða hjá Ríkiskaupum, þirðjudagar og fimmtudagar taka m.a. mið af þessum frestum, þ.e. til þess að þeir falli ekki á helgar.

Fsp 20 a) Í verkefnislýsingunni kemur fram að tæknilysing sé ekki hluti verkefnisins. Ég reikna með því að orðið tæknilysing hafi sömu merkingu og orðið verklýsing í grunnútboðsgögnunum. Vinsamlegast staðfestið að svo sé, eða útskýrið muninn á tæknilyingu og verklýsingu ef hann er til staðar.

Sv 20 a) Tæknilysing og verklýsing er í grundvallaratriðum hið sama. Fyrri hugtakið er gjarna notað um útboð á vöru t.d. tæknibúnaði hið seinna á verki eða þjónustu.

Fsp 20 b) Þessu tengt: Getið þið útskýrt að hve miklu leyti kröfulýsing eða þarfalýsing er hluti verkefnisins? Má e.t.v. segja að þær kröfur sem settar verða fram í þeim liðum sem fram koma í grunnútboðsgögnum séu hluti verkefnisins en að aðrar kröfur liggja utan þess? Eða er nauðsynlegt/æskilegt að setja fram einhverjar kröfur eða þarfir í greiningu á verkefninu, sbr. svar 6 a) ?

Sv 20 b) Í útboðsgögnum er almennt leitast við að skilja alveg milli þarfa- og kröfulýsingar annars vegar og útboðslýsingar þ.e. útboðstæknilega- og lögfræðihlutans hins vegar. Hið fyrri er að jafnaði í verkahring sérfræðinga eða tæknamanna sem þekkja innviði þess sem bjóða skal út, hið seinna í verkahring Ríkiskaupa (ykkar) sem heldur utan um útboðsferlið. Oft er í útboðslýsingu að finna stutta samantekt eða lýsingu á því sem bjóða skal út og / eða vísað í þarfa- eða kröfulýsingu en þeim síðasttöldu á alla efnislega umfjöllun að vera að finna

Fsp 21 Í kaflanum 1.1.1 er talað um Samningstími/Afhendingartími xxxxx , hvað er átt við hér.

Sv 21 Á þessum stað í útboðsgögnum er gjarna tíundað hvaða kröfur kaupandi gerir til samningstíma þ.e. til hve langs tíma er samið t.d. fyrir þróun verkefnisins og þjónustu sé slíkrar óskað. Þá er oft kveðið á um afhendingatíma verkefnisins til þess að bjóðendur geti strax hér áttáð sig á því hvort þeir hafi getu / mannskap til þess að sinna verkefninu. Þetta er auðvitað breytilegt frá verkefni til verkefnis.

Fsp 22 Í svari við spurningu 13 kemur fram að þegar boðið er út á Evrópska efnahagssvæðinu rennur fyrirspurnarfrestur bjóðanda út 9 dögum fyrir opnun tilboða og svarfrestur kaupanda rennur út 7 dögum fyrir opnun: Samkvæmt þessu gætu eftirfarandi dagsetningar staðist:

Fyrirspurnarfrestur útrunninn 11.03.2006

Svarfrestur útrunninn 13.03.2006

Opnunartími tilboða 20.03.2006 kl. 13:00

Sv 22 Vísað er til svars við fyrirspurn nr. 18, hér fyrir framan. Rétt er að taka fram að þótt títtnefndar reglur um fyrirspurnir og svör á tilboðstíma séu nánast ófrávikjanlegar í samskiptum kaupanda og bjóðenda, höfum við í samskiptum og skilum ykkar á fyrirliggjandi verkefni breytt þeim lítillega til hagræðis fyrir ykkur.

Fsp 23 Ef útboð er auglýst á Evrópska Efnahagssvæðinu á hvaða tímapunkti er það auglýst t.d. miðað við opnun tilboðs?

Sv 23 Tilboðfrestur á EES fyrir hefðbundin útboðs er að lágmarki 52 dagar þ.e. frá því að auglýsing um útboð er birt í útboðsbanka EES og þar til tilboðum er skilað. Tilboðsfrestur má vera lengri ef kaupandi telur að það mundi bæta væntanleg tilboð, þ.e. bjóðendur hafi rýmri tíma og geti skilað af sér betri vinnu.

Fsp 24 Í kaflanum 1.1.1. kemur fram neðangreindur texti. Hvað er átt við hér?

“Útboð þetta er hluti verkefnis sem auglýst var með kynningarauglýsingu á Evrópska Efnahagssvæðinu dd.mm.áááá og er tilboðsfrestur í verkefninu því styttri en ella.”

Sv 24 Sé útboð kynnt fyrirfram, þ.e. send út sérstök kynningarauglýsing til EES um að von sé á útboði á árinu byrjar tilboðsfrestur að telja strax, en þó ekki lengur en næstu 30 daga. Eftir það er hægt að senda út tilkynningu um útboð með aðeins 22 daga tilboðsfresti. Með öðrum orðum er tilboðstími alltaf að lágmarki 52 dagar, en hægt að slíta hann í tvennt og láta einhverjar vikur eða mánuði líða á milli. Þó verður eins og áður er sagt kaupandi alltaf að hafa í huga hvort hann fá nógu góð tilboð á 26 dögum, þ.e. seinni hluta útboðsfrestsins.

Fsp 25 Í Kaflanum 1.1.9.Fylgigögn með tilboði segir:

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði.

(Eingöngu skal biðja um gögn sem nýtast við mat á tilboðum og hæfi bjóðenda).

(Hafa skal í huga þau gögn sem tilgreind eru í kafla 1.1.12 Frekari upplýsingar á síðari stigum)

Hvað fylgir með? Ef verið gildir þarf þá fylgigögn? Ef ég er með verð sem gildir get ég þá beðið um viðbótargögn (matsgögn)?

Sv 25 Samkvæmt lögum um opinber útboð má aðeins biðja um gögn sem nýtast kaupanda við mat á hæfi bjóðenda, gildi tilboða, mati á lágmarkskröfum og sjálfum tilboðunum. Ekki má biðja um gögn sem koma málinu ekki við.

Hvað varðar önnur gögn á síðari stigum er t.d. oft gerð sú krafa að bjóðendur uppfylli tiltekna staðla eða fjárhagslega getu. Þótt ekki sé beðið um gögn sem staðfesta slíkt áskilur kaupandi sér rétt til þess að sækja slíka staðfestingu til bjóðanda telji kaupandi það nauðsynlegt. Þetta er til þess að spara bjóðendum vinnu og sækja eingöngu ítarleg gögn til þeirra sem komast það langt í matsferlinu. Hér er mikilvægt að hafa í huga að ekki er verið að bæta í gögn tilboðsins, sem er óleyfilegt, heldur óska staðfestingar eða skýringa á þeim gögnum sem þegar hafa verið lögð fram.

Þau gögn sem bjóðandi leggur fram eiga alltaf að vera í samræmi við annars vegar það sem beðið er um í útboðslýsingu og hins vegar það sem hann vil koma á framfæri við kaupanda og tengist þeirri vöru eða þjónustu sem hann er að bjóða.

Séu tilboð eingöngu metin á verði þ.e. tilboðsverð er eini tilboðs- og þá matsþátturinn þarf ekki að óska eftir öðrum gögnum hvað varðar mat á sjálfu tilboðinu en tilboðsverði.

Fsp 26 í kafla 1.1.13 segir:

*“Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi með X mánaða fyrirvara.”*

Hvað er algengast að hafa margra mánaða fyrirvara?

- Sv 26 Hangir saman með eðli máls, það er hversu auðvelt er að fá nýjan aðila til þess að afhenda vöru eða sinna þjónustu. Getur verið frá einni viku í þrjá mánuði – algengt er einn mánuður.
- Fsp 27 Gætir þú vinsamlegst útskýrt fyrir mér hvenær er notast við langan samning og svo hins vegar stuttan? Er að velta fyrir mér við hvorn samninginn á að notast í verkefninu?
- Sv 27 Það styrkir óneitanlega samningsstöðu kaupanda leggi hann fram drög að samningi í útboðsgögnum. Með hluti af gögnum verkefnisins er “Verksamningur / dæmi”, sbr. gögn á MPA hluta á vefsíðu Ríkiskaupa. Ákjósanlegt er að taka mið að þeim samningsdrögum.

Guðmundur Hannesson

14. marz 2006